

Reyðarfirði 24. júní 2024

Skipulagsstofnun

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

**Viðbrögð við umsögnum.**

## **Skógræktarframkvæmdir í Selárdal – Málsnúmer 502/2024**

Alls bárust átta umsagnir vegna tilkynningar um skógræktarframkvæmdir í Selárdal í Vopnafirði. Six Rivers Iceland þakkar fyrir allar athugasemdir og ábendingar sem bárust. Verða þær útlistaðar hér að neðan og svarað efnislega.

1. Í umsögn Vopnafjarðarhrepps koma ekki fram neinar beinar athugasemdir við áætlun framkvæmdaraðila en sveitarfélagið setur fram tvær ábendingar. Leyfi fyrir framkvæmdinni er háð endanlegu leyfi Vopnafjarðarhrepps og forsætisráðuneytisins. ***Ekki kom fram í umsögn Vopnafjarðarhrepps hvort þeir teldu framkvæmdina matsskylda.***

1.1. Vopnafjarðarhreppur telur nauðsynlegt að fari fram nákvæm greining á áhrifum framkvæmdarinnar þar sem hún gæti valdið umtalsverðum umhverfisáhrifum sem erfitt sé að sjá fyrir að öllu leyti fyrir fram.

Skógræktarteymi Six Rivers Iceland er meðvitað um hve viðkvæmt áætlað framkvæmdasvæði innan þjóðlendunnar í Selárdal er. Þess vegna er framkvæmdin skipulögð þannig að röskun á svæðinu verði sem minnst, t.a.m. á ekki að notast við

stórtækar vinnuvélar og gróið land verður ekki rofið fyrir gróðursetningu. Auk þess verða hvorki notaður tilbúinn áburður né varnarefni til þess að vernda árnar.

Framkvæmdin er hugsuð þannig að hún styðji við staðargróður og sporni gegn þeirri landeyðingu og jarðvegsrofi sem nú er á svæðinu. Þannig verður leitast við að styðja vistkerfi svæðisins. Notast verður við íslenskar plöntur sem nú þegar finnast á svæðinu. Einnig er verið er að skoða hvort hægt verði að rækta sérstaklega upp birki úr Bustarfellsskógi til að vera með staðaryrki sem þegar aðlagað að Vopnfirskum veðuraðstæðum. Ferlið verður vaktað á margvíslegan hátt sem útlistað er í framkvæmdaráætluninni og hefur fuglavöktun verið bætt inn í vöktunaráætlunina. Framkvæmdaraðili telur því að full ábyrgð og fyrirhyggja sé sýnd varðandi verkefnið.

*1.2. Sveitastjórn leggur áherslu á að varúðar verði gætt við allar framkvæmdir sem geta haft áhrif á vistkerfi áнна í Vopnafirði og valdið einhverjum breytingum á þeim og svæðunum sem þær hafa afrennsli af.*

Sérstök áhersla verður lögð á að verkefnið hafi ekki neikvæð áhrif á vistkerfi áнна enda er markmið framkvæmdaraðila að styrkja þau. Framkvæmdaraðili er meðvitaður um þá ábyrgð sem hann ber á framkvæmdarsvæðinu, og Selá allri með því að leggjast í þessa framkvæmd svo ofarlega í vatnasviði árninnar. Þá er afkoma framkvæmdaraðila byggð á heilbrigðum vistkerfum í og við árnar og þess vegna verður fyllsta öryggis gætt á öllum stigum framkvæmdar.

2. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands (NÍ) koma fram þrjár ábendingar varðandi framkvæmdina. Að öðru leiti segir NÍ framkvæmdina áhugaverða og fagnar þeirri vöktun sem áætlað er að gera samhliða verkefninu. NÍ segir að vöktunin muni bæta þekkingu á uppgræðslu á melsvæðum á hálendi Norðaustanlands með notkun innlendra trjáplantna.

***Náttúrufræðistofnun Íslands telur framkvæmdina ekki matsskylda.***

### *2.1. Um ábendingu varðandi skort á fuglavöktun á svæðinu.*

Ní bendir réttilega á að ekki var gert ráð fyrir vöktun á fuglalífi á svæðinu. Undirrituð hefur haft samband við Náttúrustofu Austurlands og fengið upplýsingar um hvernig slík vöktun fer fram. Ákveðið hefur verið að hefja fuglavöktun á svæðinu með því að setja upp vöktunarsnið á framkvæmdarsvæðinu og á samanburðarsvæði. Verður fyrsta athugun framkvæmd eins fljótt og auðið er, en í dag er ófært á svæðið vegna bleytu og vatnavaxta í ám.

*2.2. Um notkun Elris á svæðinu. Ní mælist til að Elrir verði ekki notaður innan skógræktarsvæðisins þar sem erlendar rannsóknir bendi til að hann geti breytt úr sér og orðið ágeng tegund undir vissum kringumstæðum.*

Það er vissulega rétt að Elrir er ekki íslensk tegund en hann hefur sína styrkleika sem uppgræðsluplanta þar sem hann er niturbindandi. Undirrituð tekur þó undir að þessi tegund eigi kannski ekki heima í þessu verkefni, þótt hún gæti reynst gagnleg á svæðinu. Framkvæmdaraðili er tilbúinn að hverfa frá þeim áformum að nota Elri við framkvæmdina og nýta þá eingöngu birki og víðitegundir eins og ætlað var í upphafi.

*2.3. Um ábendingu varðandi skort á upplýsingum um aðrar niturbindandi íslenskar plöntur.*

Framkvæmdaraðila langar að setja upp tilraunareiti (5x15 m) í melsvæði þar sem tilraunir yrðu gerðar með mismunandi uppgræðsluplöntur og uppgræðsluefni til að meta hvað gæti reynst árangursríkt að nota á svæðinu. Þar er hugmyndin að nýta innlendar niturbindandi plöntur s.s. hvítsmára, rauðsmára og umfeðming. Þessar plöntur eru almennt ekki nýttar í svona mikilli hæð, en tilraunin snýst um að nýta þær í sambland við önnur efni s.s. búfjáraburð eða í reiti með birki og meta hvort árangur náist.

3. Land og skógur gerði ekki athugasemdir við tilkynninguna og sagði mögulegum umhverfisáhrifum nokkuð vel lýst.

4. Í umsögn Minjastofnunar koma fram tvær megin ábendingar varðandi framkvæmdina. Fornleifaskráningu er ekki lokið innan svæðisins, en hún getur ekki hafist að svo stöddu vegna ferla sem umsögnin þarf að fara í innan ráðuneytis og hjá sveitarfélaginu áður en endanlegt leyfi fæst. Minjastofnun bendir réttilega á að skógrækt og uppgræðsla geti haft þau áhrif að fornleifar innan svæðis kunni að raskast og því sé mikilvægt að minjar innan svæðis verði skráðar áður en framkvæmdir hefjast. ***Minjastofnun telur að þar sem ekki liggur fyrir skráning menningarminja innan svæðisins, að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.***

4.1. *Um skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja á svæðinu. Minjastofnun bendir á að slík skráning liggur ekki fyrir innan framkvæmdarsvæðis. Sökum stærðar svæðisins er ráðlagt að vinna að undirbúningi skráningarinnar í samstarfi við Minjastofnun.*

Svæðið verður minjaskráð áður en framkvæmdir hefjast og hefur undirrituð þegar verið í sambandi við Minjastofnun varðandi það. Þar sem heildarsvæðið er stórt (yfir 1300 ha) þá mun fornleifaskráning taka tíma og er ætlunin að skráningin fari fram í áföngum. Því miður getur minjaskráning ekki hafist strax, þar sem Six Rivers Iceland hefur ekki enn fengið svæðinu formlega úthlutað. Það ferli getur ekki hafist fyrr en eftir afgreiðslu Skipulagsstofnunar, forsætisráðuneytisins og sveitarfélagsins Vopnafjarðarhrepps. Þá fyrst fer svæðið í auglýsingu og að henni lokinni verður svæðinu formlega úthlutað. Fram að því getur Six Rivers Iceland ekki farið fram á fornleifaskráningu á svæðinu.

Engin uppistandandi hús eru á svæðinu og einu sjáanlegu mannvirkin eru gamlir símastaurar sem ekki eru lengur í notkun. Ekki er vitað um aldur stauranna en hafi þeir náð 100 ára aldri verða þeir teknir inn í fornleifaskráningu.

4.2. Varðandi kostnað við fornleifaskráningu. Þar sem um þjóðlendu er að ræða vill Minjastofnun vekja athygli á því að Ríkissjóður eigi að bera kostnað af fornleifaskráningunni skv. 16 gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 nema um annað hafi verið samið. Hafa þarf samband við ráðuneyti það sem fer með mál þjóðlendna sökum þessa.

Undirrituð hefur haft samband við forsætisráðuneytið. Þar er venjan sú að framkvæmdaraðili beri kostnað af fornleifaskráningu og öðrum leyfum sem þörf er á vegna framkvæmda innan þjóðlendna, að fengnu leyfi frá ráðuneytinu.

5. Í umsögn forsætisráðuneytisins komu fram nokkrar ábendingar og athugasemdir varðandi framkvæmdina en haft var samráð við samstarfsnefnd um málefni þjóðlendna við afgreiðslu erindisins. **Forsætisráðuneytið telur að umrædd framkvæmd geti haft töluverð umhverfisáhrif og telur að framkvæmdin skuli háð mati á umhverfisáhrifum.**

5.1. Um skilgreiningu svæðisins samkvæmt aðalskipulagi. Ráðuneytið telur mikilvægt að skilgreiningu á skipulagi á svæðinu verði breytt.

Beiðni um breytingu á skilgreiningu svæðisins í aðalskipulagi var send til Yrkis arkitektastofnu í apríl, en Yrki sér um gerð nýs aðalskipulags fyrir Vopnafjarðarhrepp. Svæðið verður því vonandi skilgreint sem skógræktar- og landgræðslusvæði í nýju aðalskipulagi.

5.2. Um tegundaval. Ráðuneytið leggur áherslu á að þess sé gætt að aðeins innlendar plöntu- og gróðurtegundir séu notaðar til skógræktar á þessu svæði, jafnframt að staðbundinn gróður sem einkennir landshlutann sé notaður til skógræktar.

Six Rivers Iceland er sammála starfsmanni forsætisráðuneytisins um að áhersla eigi að vera á innlendar trjá- og gróðurtegundir. Stefnt er á að hlutföll gróðursettra tegunda verði u.þ.b. 70% birki, 20% loðvíðir og 10% gulvíðir. Þessar tegundir finnast allar í Vopnafirði og eru víðitegundir almennt áberandi á hálendi Austanlands. Þó er mögulegt

er að þessi hlutföll breytist með tímanum þegar reynsla verður komin á hvernig hverri tegund reiðir af á svæðinu. Framkvæmdin er að vissu leiti rannsókn á því hvort hægt sé að rækta skóg svona hátt yfir sjávarmáli á Norðausturlandi, en svæðið sem um ræðir er í kringum 400 metra hæð.

### *5.3. Um áhrif framkvæmdarinnar á dýra- og fuglalíf á svæðinu.*

Framkvæmdaraðili ætlar að bæta fuglavöktun við framkvæmdina til að fylgjast betur með áhrifum framkvæmdarinnar á fuglalíf svæðisins, sjá nánar í svari 2.1. við athugasemd NÍ. Varðandi dýralíf þá er lítið um spendýralíf á svæðinu. Hreindýr geta komið inn á svæðið en framkvæmdin mun ekki hefta för þeirra enda halda þau sig yfirleitt við Háganga en ekki á þessu svæði til lengdar. Þar sem ekki verður girt er engin hætta á að hreindýrin slasist við yfirferð á svæðinu en mögulegt að þau valdi skaða á trjáplöntum.

### *5.4. Um notkun á Elri.*

Sjá svar 2.2. við sambærilegri athugasemd frá NÍ.

### *5.5. Ráðuneytið leggur áherslu á að óháður sérfræðingur á sviði skógræktar í þessum landshluta og/eða óháður sérfræðingur á sviði landgræðslu komi að verkefninu ef til þess kemur.*

Six Rivers Iceland hefur verið í góðu samstarfi við Lárus Heiðarsson sérfræðing hjá Landi og skógi, en hann hefur starfað við skógrækt á Austurlandi í áratugi. Þá leitaði undirrituð eftir viðbrögðum landgræðsluviðs Lands og skógar og hefur Magnús Þór Einarsson, verkefnastjóri í endurheimt birkivistkerfa, lýst yfir vilja til að vera ráðgefandi um landgræðslu og vistkerfisendurheimt.

### *5.6. Ráðuneytið minnir á að allar framkvæmdir og jarðrask innan þjóðlendna sem vara lengur en í eitt ár eru háðar samþykki ráðuneytisins.*

Áhersla er lögð á að framkvæmdin fari í gegnum rétt undirbúningsferli og óskað verður eftir framkvæmdaleyfi hjá sveitarfélagi og ráðuneyti eins og við á. Framkvæmdir munu ekki hefjast fyrr en öll leyfi liggja fyrir.

*5.7. Varðandi kröfu ráðuneytisins um lágmarks rask af framkvæmdum og gætt verði að því að svæðin verði mótuð í samræmi við landslag.*

Staðan er sú að gróðurþekja á svæðinu er takmörkuð og staðargróður viðkvæmur. Það veldur því að jarðvegur er laus í sér og jarðvegsrof mikið sem veldur aukinni landeyðingu/foki. Þar sem ætlunin er að draga úr kolefnislosun á svæðinu og binda jarðveginn þá verður ekki farið í jarðvinnslu af nokkru tagi og ekki stendur til að rjúfa jarðveg við gróðursetningu. Þannig verður spornað gegn auknu jarðvegsrofi auk þess að binda jarðveginn með aukinni gróðurþekju. Einnig er stefnt á að búa til skjól fyrir staðargróður með þeim trjáplöntum sem gróðursettar verða á svæðinu. Trjáplönturnar fella laufin á haustin og þannig verður til meiri jarðvegur sem býr til betri búsetuskilyrði fyrir aðrar plöntur og dýr.

*5.8. Ráðuneytið gerir fyrirvara um að öll tilskilin leyfi hlutaðeigandi sveitarfélags liggi fyrir við upphaf framkvæmda.*

Six Rivers Iceland mun að sjálfsögðu gæta þess að öll leyfi séu til staðar áður en framkvæmdir hefjast.

6. Í umsögn Heilbrigðiseftirlits Austurlands (HA) kom fram ein athugasemd varðandi framkvæmdina. Tekið fram að gert væri vel grein fyrir framkvæmdinni að örðu leyti og **telur HA framkvæmdina ekki matsskylda.**

*6.1. HA bendir á að skoða þurfi framkvæmdina út frá lögum nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Samkvæmt 16 og 18 gr. Laganna skal allt vatn vera í mjög góðu eða góðu vistfræðilegu og efnafræðilegu ástandi. Til að ná fram markmiðum laganna skal vinna vatnaáætlun, aðgerðaráætlun og vöktunaráætlun.*

Six Rivers Iceland telur sjálfsagt að ofangreindar áætlanir verði unnar í samstarfi við Umhverfisstofnun og þær í framhaldinu hafðar til hliðsjónar við framkvæmdina, sé það

talið nauðsynlegt. Skógrækt bætir almennt vatnsbúskap og vatnsgæði landssvæða<sup>1</sup> og því ólíklegt að framkvæmdin hafi neikvæð áhrif á nálæg vatnshlot. Skógræktarverkefnið í Þjóðlendunni efst í Selárdal er hugsað þannig að það hafi jákvæð áhrif á umhverfið, þ.m.t. allt vatn á svæðinu. Ætlunin er að framkvæmdin bindi jarðveg og skili næringarefnum í árnar á svæðinu. Það stuðlar að heilbrigðara vatnavistkerfi Selárinnar, eykur vatnsgæði hennar og bætir þannig uppvaxtarskilyrði laxaseiða á svæðinu.

7. Í umsögn Umhverfisstofnunar komu fram sex athugasemdir varðandi fyrirhugaðar framkvæmdir. Engu að síður telur stofnunin jákvætt að hugað sé að skógrækt og landgræðslu á svæðinu. ***Umhverfisstofnun telur framkvæmdina ekki matsskylda.***

#### *7.1. Varðandi gróðursetningu í grennd við votlendi.*

Ekki er fyrirhugað að gróðursetja í það votlendi sem er á svæðinu enda er það mikilvægur þáttur í vistkerfi svæðisins. Til þess að vernda votlendið enn frekar verða 50-100 metra helgunarsvæði í kringum þau. Þar sem framkvæmdasvæðið er í mikilli hæð (um 400 m.y.s.) mun vaxtarhraði trjáanna vera mjög hægur, auk þess sem birki og víðir eru frekar hægvoxta plöntur. Það mun því taka trén langan tíma að vaxa nóg til þess að dreifa sér inn á helgunarsvæðið.

Undirrituð telur því að votlendinu stafi engin ógn af framkvæmdunum. Staðan væri önnur ef unnið væri á láglandi með hraðvaxta, vatnsfrekar tegundir sem sá hratt út frá sér.

#### *7.2. Varðandi vernd bakkagróðurs. Umhverfisstofnun vekur athygli á að við framkvæmdir í og við vötn skuli leitast við að viðhalda náttúrulegum bakkagróðri við ár og stöðuvötn.*

Stór hluti gróðurs á svæðinu finnst á bökkum Selár og annarra vatnsfalla. Þessi gróður er mikilvægur fyrir laxinn í ánum þar sem hann skilar inn þessu litla magni af

---

<sup>1</sup> Duffy et al. (2020) The impact of forestry as a land use on water quality outcomes: An integrated analysis. Doi.org/10.1016/j.forpol.2020.102185



lífrænu efni sem nú fellur í árnar. Ætlunin er að gróðursetja ekkert innan 30 metra frá bökkum ána og því mun bakkagróðurinn fá að njóta sín áfram.

Þó má benda á að í tilfellum hérlendis, þar sem mikið rof eða tap á gróðri og jarðvegi hefur átt sér stað við árbakka, hafa gulvíðir og birki reynst vel til að sporna gegn því<sup>2</sup>.

*7.3. Varðandi vistgerðirnar brokflóavist, tjarnastararflóavist og runnamýrarvist sem hafa hátt verndargildi ásamt umfjöllum um svæði sem njóta sérstakrar verndar.*

Six Rivers Iceland ítrekar að ekki er fyrirhugað að gróðursetja í votlendi og verða 50-100 metra helgunarsvæði umhverfis votlendissvæðin til aukinnar verndar. Það er alls ekki ætlunin að raska vistkerfum sem hafa hátt verndargildi, heldur einmitt að reyna að vernda þau gegn jarðvegsrofi. Votlendi og önnur svæði sem njóta sérstakrar verndar skv. lögum nr. 60/2013 munu ekki verða fyrir áhrifum.

*7.4. Varðandi áhrif framkvæmda á fuglalíf á svæðinu. Umhverfisstofnun telur að framkvæmdin geti haft neikvæð áhrif á það fuglalíf sem mögulega er á svæðinu sökum búsvæðataps. Eru taldar til tegundir á borð við lóubræl, spóa og stelk sem eru nokkrar af ábyrgðartegundum Íslands.*

Ekki er ljóst hvaða fuglategundir hafa búsetu á svæðinu né hver þéttleiki tegundanna er. Six Rivers Iceland ætlar að setja upp fuglavöktturnarsnið á svæðinu, sem og á samanburðarsvæði utan framkvæmdasvæðisins. Með þessu verður hægt að meta hvaða tegundir eru að nýta svæðið og hvort þær hörfi af svæðinu eftir að gróðursetning hefst.

*7.5. Varðandi athugasemd um lög nr. 36/2011 um stjórn vatnamála. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt sé að öll leyfi sem gefin eru út fyrir framkvæmdir sem geta haft áhrif á vatn séu í samræmi við stefnumörkun vatnaáætlunar og lög um stjórn vatnamála.*

Sjá svar 6.1. við sambærilegri ábendingu frá Heilbrigðiseftirliti Austurlands.

---

<sup>2</sup> Rathburn et al. (2022) Root distribution, tensile strength, and streambank cohesion of taxa used in afforestation along Icelandic rivers. Doi:10.1130/abs/2022AM-379473

7.6. *Varðandi ástand vatnshlota og vöktunaraðgerðir þeim tengd. Umhverfisstofnun vill undirstrika mikilvægi þess að vöktunin sem fyrirhuguð er verði gerð í samræmi við stjórn vatnamála.*

Framkvæmdaraðili telur ólíklegt að áhrif á vatnshlot verði neikvæð. Skógrækt hefur almennt góð áhrif á gæði vatns og temprar öfgar í vatnafari<sup>3</sup>. Engin áburðargjöf verður samhliða gróðursetningunni og engin eiturefni verða notuð í verkefninu. Því er engin hætta á útskolun skaðlegra efna í vatn á svæðinu frá framkvæmdunum.

Pau vatnshlot á svæðinu, sem gögn eru til um, eru í mjög góðu vistfræðilegu ástandi. Þannig ætlar Six Rivers Iceland að halda því, enda er það hagur Six Rivers Iceland að árnar séu í eins góðu ásigkomulagi og hægt er.

Six Rivers Iceland er nú þegar að vakta lífríkið í ánum, en unnin verður viðbragðsáætlun um hvernig eigi að bregðast við ef olíuleki verður úr tækjum við flutning trjáplantna inn á framkvæmdasvæðið.

8. Í umsögn Fiskistofu kemur fram ein ábending. Hún snýr að því að allar framkvæmdir í eða við veiðivötn og ár sem geta haft áhrif á lífríki vatnsins eða aðstæður til veiði eru háðar leyfi Fiskistofu, sbr. 33. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði. ***Fiskistofa telur framkvæmdina ekki þurfa að undirgangast mat á umhverfisáhrifum.***

Framkvæmdaraðili er meðvitaður um þetta leyfi og mun hafa samband við Fiskistofu þegar ljóst er að hefja megi framkvæmdir á svæðinu.


Að lokum er rétt að taka fram að skógræktarverkefnið er í góðu samræmi við stefnu stjórnvalda, m.a. í loftslagsmálum, sem og skref í að hjálpa stjórnvöldum að ná markmiðum sínum í Bonn-áskoruninni. Bonn-áskorunin er alþjóðlegt átak um endurheimt skóga og er

---

<sup>3</sup> Neary et al. (2009) Linkages between forest soils and water quality and quantity.  
Doi.org/10.1016/j.foreco.2009.05.027

markmið Íslands í þeirri áskorun að árið 2030 þeki birki 5% landsins. Þar er sérstök áhersla á að endurheimta skóga á illa grónu landi, t.d. á svæðum þar sem jarðvegseyðing á sér stað. Framkvæmdaraðila er ljós sú ábyrgð sem á honum hvílir varðandi verndun vistkerfa svæðisins og þeirra tegunda sem þar eru. Sérstök ábyrgð felst í því að vera treyst fyrir þjóðlendu, sem er eign okkar allra. Í ljósi þess að markmiðið er að auka gróðurþekju og minnka jarðvegseyðingu á svæðinu mun sjónrænna áhrifa verða vart, en framkvæmdin er til þess fallin að stuðla að sjálfbærri þróun svæðisins í vistfræðilegu, samfélagslegu, efnahagslegu og umhverfislegu tilliti. Vel gróið, órofið land er mikils virði í dag og því mun þessi eign þjóðarinnar verða verðmætari að framkvæmdum loknum.

Virðingarfyllt, fyrir hönd Six Rivers Iceland,



**Hrafnkatla Eiríksdóttir**

*Verkefnisstjóri skógræktar Six Rivers Iceland*